

Borholur í Rauðasandshreppi (4602)



Haukur Jóhannesson

Unnið fyrir Orkustofnun

Greinargerð JHJ-2013/039


Nóvember 2013

Inngangur

Í þessari greinargerð er fjallað um staðsetningu borholna í Rauðasandshreppi hinum forna. Þær fundust allar nema ein í Vesturbotni. Síðan ferðast var um svæðið hafa verið boraðar fjórar holur til viðbótar: ein á lóð byggðasafnsins í Örlygshöfn, ein á Hvalskeri, ein í Kirkjuhvammi á Rauðasandi og ein í landi Hlaðseyrar. Í 1. töflu eru upplýsingar um holurnar og á 1. og 2. mynd eru staðsetningar holnanna sýndar.

1. tafla. Upplýsingar um borholur í Rauðasandshreppi.

Staðar-númer	Borhola	Lögbýli	Dýpi	Borár	N-hnit	V-hnit
36541	HL-01	Hvallátur	40 m	2010	65° 31.710	24° 27.355
36542	HL-02	Hvallátur	55 m	2010	65° 31.754	24° 27.246
36551	BV-01	Breiðavík	73 m	2010	65° 32.710	24° 20.909
36552	BV-02	Breiðavík	73 m	2010	65° 33.011	24° 20.867
36501	HN-01	Hnjótur	121 m	1987	65° 33.823	24° 09.439
36502	HN-02	Hnjótur	30	2012		
36571	HV-01	Hvalsker	111	2012		
36511	SB-01	Stakkadalur	303 m	1987	65° 28.889	24° 01.286
36581	KH-01	Kirkjuhvammur				
36521	VB-01	Vesturbotn	104 m	1978	65° 32.346	23° 47.662
36871	HE-01	Hlaðseyri	63			



1. mynd. Staðsetning borholna í Rauðasandshreppi.



2. mynd. Staðsetning borholna á Hvallátrum og í Breiðvík.

HL-01 - Hvalláttur

Borhola HL-01 er við sumarbústað sunnan vegar niður að húsapýrpingunni á Hvallátrum. Hún er við þriðja húsið ofan frá. Slegið hefur verið kassa úr vatnsvörðum plötum utan um holuna. Í henni er dæla og vatnið notað í húsinu (3. mynd).



3. mynd. Borhola HL-01 á Hvallátrum.

HL-02 - Hvallátrar

Borhola HL-02 er ofan við efsta sumarhúsið og það fyrsta sem komið er að. Hlaðið hefur verið utan um holuna og sett yfir hana plasttunna á hvolfi. Í holunni er dæla og vatnið notað í sumarhúsinu (4. mynd).



4. mynd. Borhola HL-02 á Hvallátrum.

BV-01 - Breiðavík

Borhola BV-01 í Breiðuvík er um 170 metra norðaustur af gistihúsinu í Breiðuvík. Hún er þar við skemmuvegg. Holan er með plastloki og að öðru leyti í góðu ástandi (5. mynd).



5. mynd. Borhola BV-01 í Breiðuvík.

BV-02 - Breiðavík

Borhola BV-02 er um 500 metra suður og upp af húsunum í Breiðuvík. Í holunni er dæla og vatnið notað til neyslu. Frágangur mætti vera betri (6. mynd).



6. mynd. Borhola BV-02 í Breiðuvík.

HN-01 - Hnjótur

Borhola HN-01 er um 200 metra vestur af húsunum á Hnjóti. Hóla er þar við læk. Mikið vatnsrennsli er úr holunni en það er ekki nýtt. Frágangur holunnar er góður (7. mynd).



7. mynd. Borhola HN-01 í Örlygshöfn.

SB-01 - Stakkadalur

Borhola SB-01 er 875 metra norðvestur af Saurbæjarkirkju. Hún er utan við læk sem skipti löndum milli Saurbæjar og Stakkadals. Holan er sögð í borholuskrá vera í landi Saurbæjar en hún er í raun í landi Stakkadals. Holan er lokuð og í sæmilegu ástandi (8. mynd).



8. mynd. Borhola SB-01 í Stakkadal.

VB-01 - Vesturbotn

Borhola VB-01 í Vesturbotni fannst ekki þrátt fyrir mikla leit og var þó ljósmynd af henni höfð til hliðsjónar. Hún virðist hafa verið eyðilögð. Hnitin eru þau sömu og eru í borholuskránni.